

Afgreiða í sölukerfinu

Síðast uppfært 25/06/2026 2:00 pm BST

Afgreiðsluferlið er einn mikilvægasti partur sölukerfisins. Þegar viðskiptavinir kaupa hjá þér vörur og þjónustur þá er salan afgreidd í sölukerfinu. Þar sem sölukerfið er sambætt bókunarkerfinu þá gerir það ekki bara einfalt og fljótlegt að afgreiða viðskiptavinum, heldur næst á sama tíma að grípa mikilvægar upplýsingar um kaupsögu þeirra án þess að það taki lengri tíma í afgreiðslu.

Afgreiða tíma


Það eina sem þú þarft að gera til þess að afgreiða tíma er að:

1. Smella á bókunina.
2. Velja **Afgreiða**.
3. Athuga hvort verðið sé rétt og jafnvel bæta við vöru.
4. Smella á **Greiða** og velja greiðslumáta og þá er allt komið! 🎉

Ef þú vilt sjá reikninginn strax getur þú svo smellt á "**Klára sölu**".

Eftir að reikningurinn hefur verið stofnaður er einnig hægt að velja "**Bóka aftur**" til þess að afrita tímann og finna næsta tíma með viðskiptavininum.

i Afgreiddir tímar fá lítið hvítt v-merki efst í hægra horninu til þess að auðvelt sé að sjá hvaða tímar hafa verið afgreiddir og hverjir ekki með því að horfa á dagatalið.




Afgreiða vörur

Þegar að viðskiptavinir sem að hafa ekki átt tíma koma til þín og vilja kaupa vöru eða gjafabréf er best að:

1. Velja blá "**Ný sala**" takkann niðri í hægra horninu.

2. Veldu réttan útgefanda ef það eru fleiri en einn
3. Þú getur leitað eftir vörum, valið þær af listanum eða skannað þær inn með barkóða.
4. Smella á Greiða og velja greiðslumáta og þá er allt komið!👉



Efst á söluinni er lítil leitarstíka þar sem hægt er að leita að viðskiptavinum. Það getur verið sérstaklega sniðugt að nýta sér hana þar til þess að salan fari inn í kaupsögu viðskiptavinarins, en þetta gerist sjálfkrafa þegar að tímar eru afgreiddir af dagatalinu ↓

Söluþráttur

🔍 Tengja viðskiptavin við sölu

Noona Negtur

Hármöring 3.500 ISK

MAGN	VERÐ	AFSLATTUR	STARFSMAÐUR
1	ISK 3.500	%	Birna

Sjampó 3.500 ISK

MAGN	VERÐ	AFSLATTUR	STARFSMAÐUR
1	ISK 3.500	%	Birna

Samtals án VSK 5.646 ISK
Samtals með VSK 7.000 ISK

Eftirstöðvar 7.000 ISK

Vöruskil ↵

Greiða 7.000 ISK ➔

Ertu með einhverjar ábendingar eða spurningar? Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbbluna 👉